

Efni: Auglýst tillaga vegna skipulags við Kallhamar og Hamraenda í Sveitarfélaginu Stykkishólmi.

Breiðafjarðarnefnd hefur fengið til umsagnar þrjár skipulagstillögur í Sveitarfélaginu Stykkishólmi og hefur ákveðið að fjalla um þær sameiginlega í einni umsögn.

Í skipulagstillögunum er fjallað um alþjóðlega mikilvægt fuglasvæði Breiðafjarðar í kafla 4.2.1. Þar kemur m.a. fram að „bryggja mun þó skerða búsvæði við fjöruna en fer þó ekki inn á alþjóðlegt fuglaverndarsvæði sem liggur nokkuð utar en fjaran á þeim kafla, sbr. Mynd 1–3.“

Breiðafjarðarnefnd bendir á að framsetning fuglasvæðisins í kortasjá Náttúrufræðistofnunar er mjög gróflega afmarkað. Í reynd fylgir svæðið mörkum verndarsvæðis Breiðafjarðar samkvæmt lögum nr. 54/1995 um vernd Breiðafjarðar.¹ Það þýðir að fyrirhuguð bryggja mun ekki aðeins hafa áhrif á verndarsvæði Breiðafjarðar heldur einnig á hið alþjóðlega mikilvæga fuglasvæði Breiðafjarðar.

Breiðafjarðarnefnd undirstrikar að lokum að grannsvæði verndarsvæða hafi almennt mikið vægi fyrir lífríki og landslagsheild þeirra. Í samhengi við skipulagssvæðin við Kallhamar og Hamraenda er sérstaklega mikilvægt að huga að fuglalífi á svæðinu, sem nýtir fjörun bæði til fæðuöflunar og hvíldar, sem og að landslagsheild svæðisins, sem getur orðið fyrir raski vegna framkvæmda við verndarsvæði Breiðafjarðar.

Virðingarfyllt,

F.h. Breiðafjarðarnefndar



Erla Friðriksdóttir,

formaður Breiðafjarðarnefndar

¹ Lög nr. 54/1995 um vernd Breiðafjarðar. <https://www.althingi.is/lagas/nuna/1995054.html>